



Lúxemborg, 22. desember 2016

## FRÉTTATILKYNNING 12/2016

**Dómur í máli E-3/16 *Ski Taxi SA, Follo Taxi SA og Ski Follo Taxidrift AS* gegn norska ríkinu**

### **DÓMUR UM GILDISSVIÐ BANNIS VIÐ RÁÐSTÖFUNUM SEM HAFA RÖSKUN Á SAMKEPPNI AÐ MARKMIÐI**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Hæstarétti Noregs (*Norges Høyesterett*) um túlkun á 53. gr. EES-samningsins.

Í málinu sem rekið er fyrir landsdómstólnum hafa *Ski Taxi SA, Follo Taxi SA* og *Ski Follo Taxidrift AS* („áfrýjendur“) áfrýjað dómi *Borgarting lagmannsrett*, sem staðfesti ákvörðun norska Samkeppniseftirlitsins um leggja á þau sekt vegna brota á ákvæðum landslaga sem kveða á um bann við samkeppnishamlandi samningum, en félögin lögðu sameiginlega fram tilboð í tveimur útboðum Háskólasjúkrahússins í Osló árið 2010.

Áfrýjendur halda því fram fyrir Hæstarétti Noregs, andstætt niðurstöðu áfrýjunardómstólsins, að ekki sé fullnægjandi svo samningur verði talinn hafa röskun á samkeppni að markmiði, að tiltekin háttsemi sé til þess fallin að raska henni. Áfrýjendur halda því einnig fram að sameiginlegt tilboð þeirra geti ekki talist hafa röskun á samkeppni að markmiði, sérstaklega í ljósi þeirra markmiða sem að sé stefnt, efnahags- og lagalegs samhengis tilboðanna og fyrirætlan aðilanna. Sendi Hæstiréttur Noregs EFTA-dómstólnum beiðni um ráðgefandi álit um þær lagalegu reglur og viðmið sem beita á við mat á því hvort tiltekin háttsemi verði talin hafa það að markmiði að raska samkeppni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar tegundir samræmingar milli fyrirtækja teldust í eðli sínu nægilega skaðlegar samkeppni þannig að ekki væri nauðsynlegt að meta afleiðingar þeirra. Í því skyni að skera úr um hvort röskun á samkeppni teldist fullnægjandi yrði að líta til ákvæða samnings, markmiða hans og þess efnahags- og lagalega samhengis sem ætti við um hann. Við þetta mat væri einnig nauðsynlegt að taka tillit til eðlis þeirrar vöru og þjónustu sem um ræddi, sem og raunverulegra skilyrða fyrir starfsemi og samsetningu markaðarins eða markaðanna sem í hlut ættu. Jafnvel þótt ásetningur aðilanna væri ekki nauðsynlegur þáttur við ákvörðun um hvort samningur milli fyrirtækja fæli í sér röskun á samkeppni, væri ekkert sem bannaði samkeppnisyfirvöldum, landsdómstólum eða EFTA-dómstólnum að líta til þess þáttar við framangreint mat.

EFTA-dómstóllinn benti enn fremur á að mat á efnahags- og lagalegu samhengi samnings í því skyni að greina samkeppnishamlandi markmið hans í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins yrði að vera aðgreint frá mati á samkeppnishamlandi afleiðingum hans í skilningi sama ákvæðis. Að öðrum kosti yrði óljós aðgreiningin milli þess hvort samningur hefði það að markmiði að raska samkeppni og þess hvort hann leiddi til slíkrar röskunar í reynd. Í ljósi þess hvaða afleiðingar það hefði yrði samningur talinn hafa röskun samkeppni að markmiði yrði að túlka það þröngt hvaða samningar féllu þar undir í þeim skilningi að einungis tilteknar tegundir samræmingar milli fyrirtækja sýndu fram á fullnægjandi röskun á samkeppni þannig að unnt væri að komast að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að meta hvort þær röskuðu samkeppni í raun. Aðeins háttsemi sem hefði augljósa skaðlega eiginleika, í ljósi reynslunnar og hagfræðilegra sjónarmiða, skyldi vera álitin hafa það að markmiði að raska samkeppni.

Þar sem sameiginleg tilboð við útboð fæli í sér verðsamráð, sem væri sérstaklega bannað samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, mætti í slíkum tilvikum takmarka mat á efnahags- og lagalegu samhengi

við það sem væri að lágmarki nauðsynlegt í því skyni að sýna fram á markmiðið um röskun samkeppni. Hins vegar yrði að meta, þótt með takmarkaðri hætti væri, hvort aðilar sammingsins væru eða gætu verið samkeppnisaðilar og hvort framlagning sameiginlegs tilboðs við útboð gæti talist viðbótarhömlur.

Hefði sammingsyfirvaldi hefði verið greint frá því að tilboð væri gert sameiginlega gæti slíkt gefið til kynna að aðilar þess hefðu ekki haft ásetning til að brjóta gegn banni við samningum milli fyrirtækja. Jafnvel þótt taka mætti tillit til ásetnings aðilanna að þessu leyti við mat á því hvort samningur yrði talinn hafa það að markmiði að raska samkeppni, væri slíkt ekki nauðsynlegur þáttur við matið. Það væri landsdómstólsins að meta hvort sú staðreynd að Ski Taxi og Follo Taxi greindu sammingsyfirvaldinu frá því að tilboðið stafaði frá þeim sameiginlega gæti mælt með niðurstöðu á þann veg að háttsemi þeirra gæti ekki verið talin hafa haft það að markmiði að raska samkeppni.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.